

225. fundur hafnarstjórnar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, mánudaginn 18.
október 2021 og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Marzellius Sveinbjörnsson formaður, Anna Ragnheiður Grétarsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jóhann Bæring Gunnarsson, Sigríður Gísladóttir aðalmaður, Sigurður Jón Hreinsson aðalmaður og Högni Gunnar Pétursson aðalmaður.

Embættismenn:

Guðmundur M Kristjánsson, hafnarstjóri og Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi.

Dagskrá:

1. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2020-2032 - 2020070011

Lagt fram til kynningar gildandi aðalskipulag Ísafjarðarbæjar. Nefndin á að skila af sér stefnumótun í þeim málaflokkum sem heyra undir hafnarstjórn fyrir endurskoðun aðalskipulagsins.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, skipulagsráðgjafi, kemur á fundinn undir þessum lið og kynnir stöðu og næstu skref varðandi endurskoðun Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar.

Hafnarstjórn felur hafnarstjóra að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

Gestir

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir - 12:00

Ólöf yfirgefur fundinn kl. 12:15.

2. Framkvæmdaáætlun 2022 til 2032 - 2021040094

Lögð fram til kynningar endurskoðuð framkvæmda- og fjárfestingaráætlun hafna Ísafjarðarbæjar.

Hafnarstjóri fer yfir breytingar frá síðustu útgáfu sem kynnt var í hafnarstjórn.

Högni Gunnar Pétursson yfirgefur fundinn undir þessum lið, kl. 12:38.

3. Umsókn um lóð fyrir hafnsækna starfssemi við Suðurtanga 20 - 2019060015

Lagt fram bréf frá Högna Gunnari Péturssyni og Pétri Þ. Jónassyni, f.h. vélsmiðjunnar Þryms á Ísafirði, dags. 22. september 2021, þar sem gert er grein

fyrir afturköllun lóðarumsóknar á Suðurtanga 20.

Lagt fram til kynningar.

Högni kemur aftur til fundar kl. 12:51.

4. Hafnabótasjóður endurgreiðslur 2019 og 2020 - 2021100004

Lagt fram til kynningar minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnarsýslu- og fjármálasviðs, dags. 1. október 2021, vegna upplýsinga um endurkröfur sveitarfélagsins á Hafnabótasjóðs vegna árána 2019 og 2020, ásamt excel yfirliti.

Lagt fram til kynningar.

5. Hafnasamband Íslands - ýmis erindi og fundargerðir 2021-2022 - 2021020042

Lögð fram til kynningar fundargerð 437. fundar Hafnasambands Íslands sem fram fór þann 16. september 2021.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:58

Marzellius Sveinbjörnsson

Jóhann Bæring Gunnarsson

Sigríður Gísladóttir

Sigurður Jón Hreinsson

Högni Gunnar Pétursson

Guðmundur M Kristjánsson

Tinna Ólafsdóttir